

Sp.

### 33. Tillaga til þingsályktunar

[33. mál]

um framkvæmd skattalaga.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á framkvæmd skattalaga í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins.

Að lokinni þeirri rannsókn verði, ef ástæða þykir til, settar reglur, sem stuðli að samræmingu í framkvæmd skattalaga, svo og um skyldu skattstjóra, bæði gagnvart ríkisvaldinu og skattgreiðendum.

Verki þessu skal lokið fyrir álagningu skatta árið 1977 og niðurstöður birtar.

#### Greinargerð.

Þótt óánægja með álagða skatta hafi verið nokkuð almenn allt frá því að skattgreiðslur hófust og skattar nágrannans almennt umræðuefni, hefur þó keyrt um þverbak síðustu árin. Bent hefur verið á ýmis ákvæði laga, sem stuðla að misræmi í skattaálagningu og gera ýmsum athafnamönnum kleift að losna við eðlilega þátttöku í kostnaði við rekstur þjóðfélagsins. Af þessum ástæðum eru skattalög nú í endurskoðun og lofað er breytingum fyrir næstu áramót.

En þótt lagfæringar á skattalögum séu ákaflega mikilvægar er framkvæmd skattalaga það ekki síður. Aldrei verður unnt að setja skattalög, sem fylgja má vélrænt án túlkunar af hálfu skattstjóra og embættismanna hans. Hins vegar er það að sjálfsögðu vilji löggjafans, að allir sitji sem næst við sama borð að þessu leyti.

Misræmi í framkvæmd skattalaga er óumdeilanlegt. Það staðfesta kærur og kvartanir, sem berast úr hinum ýmsu skattaumdæmum. Á það sérstaklega við um álagningu tekjuskatts og söluskatts. Til dæmis virðist mikið ósamræmi í skattaálagningu félagssamtaka ýmis konar. Bera harðorðar samþykktir Búnaðarsambands Strandamanna þessa ljós merki. Ekki virðist skattayfirvöldum heldur hafa verið ljóst, hvort greiða beri söluskatt af ýmsum hlunnindum. Nefna mætti fjölmörg dæmi um það, að tekjur af hlunnindum hafa verið taldar fram árum saman án þess að á það hafi verið bent, að söluskatt bæri að greiða, að minnsta kosti í sumum umdæmum. Hins vegar bregður svo við nú í einu umdæmi, að söluskatts er krafist jafnvel fimm ár aftur í tímann af hlunnindum og ýmsu öðru, sem áður virtist ekki talið söluskattsskyldt, án tillits til þess, að tekjuskattur hefur þegar verið greiddur af þessum sömu krónum sem nú er krafist í söluskatt. Sums staðar er unglíngum yngri en 16 ára leyft að telja fram sérstaklega, en annars staðar ekki. Þannig mætti lengi telja fjölmörg dæmi, sem sýna mjög mismunandi framkvæmd skattaálagningar í hinum ýmsu skattaumdæmum landsins.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er sá að fá úr því skorið, hvort ofangreind fullyrðing um misræmi í framkvæmd skattalaga er rétt. Ef svo reynist vera, er jafnframt mælt svo fyrir, að strangari reglur verði settar, sem stuðli að samræmingu. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að heimild fyrir ríkisskattstjóra til þess að tryggja samræmingu í framkvæmd er óljós samkvæmt skattalögum. Ef til vill er nauðsynlegt að auka slíka heimild.

Loks er í tillögunni mælt til þess, að nánar verði skilgreint en nú er hvaða skyldur skattstjóri ber, bæði gagnvart ríkisvaldinu og gagnvart skattgreiðendum. Starfsmenn skattsins eru að sjálfsögðu starfsmenn ríkissjóðs, en þeir eru jafnframt opinberir starfsmenn á vegum þjóðarinnar allrar. Þeim ber þannig að leiðbeina skattgreiðendum og skapa verður þeim aðstöðu til þess að geta sinnt því hlutverki.